



SUÐURLANDSSKÓGAR

Alþingi
Erindi nr. P 128/1550
komudagur 6. 3. 2003

Suðurlandsskógar
Austurvegi 1-5
800 Selfoss

LANDBÚNAÐARNEFND ALÞINGIS

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar

um nýtingu innlends trjáviðar

Suðurlandsskógar lýsa ánægju sinni með þessa þingsályktun um nýtingu innlends trjáviðar. Á næstu árum eykst verulega grisjunarþörf í skógarreitum landsins og því er aðkallandi að huga í tíma að nýtingar - möguleikum hráefnis úr skógi. Undirbúningsvinna vegna nýtingar grisjunarviðar er auk þess nauðsinlegt skref í þróun á vinnslumöguleikum á trjáviði úr lokafellingu í skógi.

Efnislega eru Suðurlandsskógar sammála tillögunni. Benda má á nokkur atriði í framsetningu sem mætti breita ;

1. Þar sem ekki er ástæða til að takmarka tillöguna við ákveðna nýtingarþætti þá mætti fyrsta setning tillögunnar enda þannig :
“.....,byggingarefnis,límtrés,**eldiviðarframleiðslu eða annars.**”
2. Í lið c. er tekið dæmi um nýtingarmöguleika á lerki. Á næstu árum mun aukast mjög grisjun í aspar og greni reitum og því mætti bæta eftirfarandi inn á eftir fyrstu setningu í c. lið;
“.....sólþalla o.fl.**Sitkagreni er notað í utanhússklæðningu ,bekki og borð o.fl. þar sem mikils styrks er þörf.Ösp er auðveld í vinnslu og hentar t.d. sem gólfefni, inniklæðning,í krossviðarplötur og matvælaumbúðir. Afgangsvið og.....”**

4.febrúar 2003

F.h. Suðurlandsskóga

Hallur Björgvinsson
svæðisstjóri